

REGLUGERÐ

um almenna kennarafundi í framhaldsskólum.

1. gr.

Almennir kennarafundir í framhaldsskólum skulu fjalla um stefnumörkun í starfi skólans, m.a. námsskipan, kennsluhætti, gerð skólanámskrár, skipulag starfstíma skólans á önn/hverju ári, tilhögun prófa og námsmat.

Skólanefnd, skólameistari og skólaráð geta leitað umsagnar kennarafundar um önnur mál, þ.á m. um ráðningu í stjórnunarstörf við skólann. Kennarafundur getur haft frumkvæði að því að mál komi til meðferðar skólanefndar og/eða skólaráðs.

Kennarafundur kýs við upphaf haustannar fulltrúa í skólaráð og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd.

2. gr.

Halda skal kennarafund eigi sjaldnar en tvisvar á önn. Skólameistari boðar til fundarins. Skyld er skólameistara að halda kennarafund ef fulltrúar kennara í skólaráði eða þriðjungur fastra kennara skólans krefjast þess.

3. gr.

Kennarafundi skal halda innan dagvinnumarka á starfstíma skólans og skal til þeirra boðað með a.m.k. tveggja daga fyrirvara og dagskrá. Allir kennarar sem starfandi eru við skólann eiga rétt til setu á kennarafundi. Skólameistari undirbýr mál er fyrir kennarafund koma, en öllum sem þar eiga seturétt er heimilt að bera þar fram mál.

4. gr.

Skólameistari sér um að samþykktum kennarafunda sé komið á framfæri við rétta aðila nema fundurinn ákveði að hafa annan hátt á. Halda skal gerðabók um kennarafundi.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla og óðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 7. febrúar 1997.

Björn Bjarnason.

Stefán Baldursson.

REGLUGERÐ

um eftirlit með starfi framhaldsskóla og námsefni og um ráðgjöf vegna kennslu og þróunarstarfa.

1. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn málefna framhaldsskóla. Hann hefur reglulegt eftirlit með starfi þeirra og fylgist með að það sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá.